

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1813*  
*komudagur 28.2.2013*



**AKUREYRARBÆR**  
Bæjarlögmaður

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 28. febrúar 2013  
2013020250 01-106-05

**Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (persónukjör)**

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur á fundi sínum þann 28. febrúar 2013 gert eftirfarandi bókun:

*Bæjarráð tekur jákvætt í frumvarpið en gerir athugasemdir við kynningu þess og tímafrest til að gera athugasemdir við frumvarpið.*

*Bæjarráð leggur áherslu á að ríkisvaldið taki á sig allan kostnað vegna frekari kynningar á málinu.*

*Bæjarlögmanni falið að svara erindinu.*

Umræða um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórnar var jákvæð. Breytingin var talin í takt við það sem kallað hefur verið eftir, þ.e. að kjósendur hefðu meira val en einungis á þeim lista sem þeir ætla sér að kjósa.

Hins vegar hefði mátt kynna sveitarstjórnunum frumvarpið á fyrri stigum og veita lengri umsagnartíma.

Umræða um að ríkisvaldið taki á sig allan kostnað við frekari kynningu felst í því að í raun er verið að gera tilraun sem mun koma ríkinu til góða ef farið verður í að breyta lögum um kosningar til Alþings.

Virðingarfyllst,  
f.h. bæjarráðs,

---

Inga Þöll Þórgnýsdóttir  
bæjarlögmaður

**Bæjarlögmaður**